

Svar

samgönguráðherra við fyrirspurn Guðnýjar Hrundar Karlsdóttur um útboð fjarskiptasjóðs um uppbyggingu háhraðanettenginga.

1. *Hvernig var ákveðið hvaða staðir falla undir útboð fjarskiptasjóðs vegna háhraðanetþjónustu, þ.e. hvaða aðferð var notuð til að fá fullvissu um að staðir féllu ekki undir skilgreiningu útboðs?*

Ríkiskaup, fyrir hönd fjarskiptasjóðs, auglýstu opinberlega vorið 2007 eftir núverandi og fyrirhuguðum útbreiðslusvæðum fyrir sí tengda og ótímamælda internetþjónustu á 512 Kbs gagnaflutningshraða og yfir. Aðilar voru beðnir um að upplýsa fjarskiptasjóð um hvar nákvæmlega á landinu þeir byðu slíka þjónustu eða áformuðu slíkt fyrir mitt ár 2008. Gögnin sem sjóðurinn fékk voru misvel gerð og var lögð mikil vinna í að betrubæta upplýsingarnar með markaðsaðilum um útbreiðslusvæðin/markaðssvæðin sem lögð eru til grundvallar útboðinu.

Staðir með heilsársbúsetu eða atvinnustarfsemi allt árið, utan framangreindra markaðssvæða, eiga samkvæmt skilgreiningu fjarskiptasjóðs rétt á háhraðatengingu með styrk frá fjarskiptasjóði. Farið var með sveitarstjórnarmönnum og Fasteignamati ríkisins a.m.k. í tvígang yfir öll útboðssvæðin og ná þau til allra sveitarfélaga landsins. Áður en útboðsgögn voru birt opinberlega var viðkomandi sveitarfélögum sendur útboðslistinn til umsagnar og þeim gefinn kostur á að gera athugasemdir.

2. *Var gerð rannsókn á því hvort þjónusta/hraði á svæði væri í samræmi við skilgreiningu fjarskiptasjóðs um háhraðanet?*

Aðalútgangspunktur sjóðsins er sá að ekki sé verið að bjóða út háhraðanetþjónustu þar sem hún er fyrir eða er fyrirhuguð á næstunni á markaðslegum forsendum. Ríkisstyrkjareglur heimila ekki slíkt og auk þess samræmist það ekki lögum um sjóðinn. Sjóðurinn gerir ákveðnar lágmarkskröfur í útboði sínu, svo sem um gæði, þjónustu, samnýtingarhlutfall og uppítíma háhraðanetþjónustu. Auk þess hafa sjónarmið eins og gagnaflutningshraði umfram lágmark vægi í þessu sambandi. Sjóðurinn er þar með ekki að skilgreina hvaða þjónustustig eða gagnaflutningshraði uppfyllir einhverja almenna skilgreiningu háhraðanetþjónustu á markaðssvæðum, enda er það hvorki tilgangur né markmið sjóðsins.

3. *Er einhver krafa gerð til núverandi þjónustuaðila á svæði sem ekki er farið inn á um viðhald búnaðar, uppítíma tengingar eða verð?*

Eingöngu er gerð krafa um að þjónustan standi íbúum svæðisins til boða.

4. *Stendur til að bæta þeim einstaklingum sem sýndu frumkvæði og komu upp háhraðatengingum útlagðan kostnað?*

Það fjármagn sem sjóðurinn hefur til umráða er til uppbyggingar aðstöðu, stofnkerfa og þjónustu utan markaðssvæða. Úthlutun fjármuna er samkvæmt lögum sjóðsins aðeins í kjölfar útboðs og sammings við markaðsaðila.

5. *Hversu margir staðir/býli eru í útboðinu?*

1.230 staðir eru á upprunalega útboðslistanum. Borist hafa athugasemdir við listann um staði sem er ofaukið eða vantar inn á hann.

Listinn verður uppfærður um næstu mánaðamót í samræmi við þessar upplýsingar. Breyting á fjölda staða í útboði er óveruleg.

6. *Hvers vegna er útboðsferillinn svo langur eða allt til 31. júlí nk.?*

Útboðsgögn voru gefin út í febrúarlök í ár. Eftir ráðfæringar við sérfræðinga á fjarskiptasviði var talið að lágmarkstilboðstími væri fimm mánuðir. Ef bjóðendur eiga að geta gert raunhæf tilboð þurfa þeir að hafa tíma til að skoða aðstæður á hverjum stað ásamt því að velja búnað sem hentar verkefninu, semja um verð á búnaði, semja við undirverktaka o.s.frv. Reynslan sýnir að of stuttur útboðstími getur fælt aðila frá verkefnum, skilað hærri tilboðsfjárhæðum og/eða óvandaðri tilboðum. Jafnframt var litið til þess að hluti útboðstímans er á almennum sumarleyfistíma og nýtist ekki sem skyldi.

7. *Hvenær er gert ráð fyrir að verkefninu ljúki?*

Reiknað er með að skrifað verði undir samning í byrjun ágúst nk. Í útboðslýsingu er styttri framkvæmdatími sjónarmið sem litið er til og getur hann verið á bilinu 12–22 mánuðir. Uppbyggingu lýkur því í fyrsta lagi í ágúst 2009 og í síðasta lagi júní 2010. Uppbyggingu á Vestfjörðum og Norðausturlandi skal þó lokið á innan við 12 mánuðum frá undirskrift samnings.